

Tenging við hæfniviðmið aðalnámskrá

„Réttur þinn til að vera þú“

Íslenska

Hæfniviðmið fyrir 7. bekk.

Að nemendur geti:

- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum,
- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,
- nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt,
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Þverfagleg vinna:

Á íslensku snýst þverfagleg vinna í lífi nemenda um þróun og hæfni þeirra til að tjá sig skriflega og munnlega. Í íslensku ber að efla **rökhugsun** og **gagnrýna hugsun** nemenda sem og skapandi hugsun og lausnaleit. Nemendur eiga að þjálfast í að rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti. Mikilvægt er að nemendur læri að ígrunda eigin hugsanir og geri sér grein fyrir hvaða áhrif tilfinningar hafa á hugsanagang þeirra, heilbrigða dómgreind og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum.

Slík vinna gefur nemendum tækifæri til að geta tjáð eigin tilfinningar, hugsanir og reynslu sem er mikilvægt til að vera góður í samskiptum og að geta tekið þátt í samfélagi. Með gagnrýninni vinnu með texta og tjáningu æfa nemendur hæfni til að vera gagnrýnin í hugsun og læra að höndla skoðanaskipti með ígrundun, samræðum og umræðu.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið fyrir 7. bekk.

Að nemendur geti:

- sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi,
- metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra og ígrundaðu hvernig þú og aðrir tókum þátt í stafrænum samskiptum og ræðir hvað felst í því að beita dómgreind, séð í ljósi reglna og viðmiða.
- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu t.d. að velta fyrir sér breytileika í sjálfsmynd, kynhneigð og kyntjáningu og eigin mörk og annarra sem tengjast tilfinningum, líkama, kyni og kynhneigð og ræða hvað er hægt að gera ef mörk eru brotin
- rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs meðal annars með því að kanna og lýsa eigin sjónarhornum og annarra í siðferðilegum ágreiningsmálum tengdum hversdagslegaum og samfélagslegum áskorunum. Að nemendur ræði fjölbreytileika bæði innan kristinna trúfélaga og annarra trúfélaga
- gera grein fyrir ólíkum viðhorfum til bernsku, fjölskyldu og sambúðar í trúarbrögðum og lífsviðhorfum
- kannað og lýst eigin skoðunum og annarra í siðferðilegum ágreiningsmálum tengdum hversdagslegum og samfélagslegum áskorunum

Þverfagleg vinna:

Í samfélagsgreinum eru viðfangsefni lýðheilsu og lífshátta tengd því að nemendur geri sér grein fyrir eigin sjálfsmynd og sjálfsmyndarþróun og skilji að einstaklingurinn er hluti af ólíkum samfélögum. Kennsla í samfélagsgreinum þarf að stuðla að því að nemendur velji rétt og kunni að takast á við áskoranir tengdar t.d. kynhneigð og stafrænum samskiptum. Viðfangsefnið þarf einnig að stuðla að því að skapa skilning, virðingu og umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika, gildum og lífskjörum annarra og það ætti að sýna þeim sjónarhorn á hvað lífið getur verið gott.

Í samfélagsfræði snýst þverfagleg vinna í lýðræði og borgaravitund um það að nemendur þrói þekkingu og færni til að geta skapað og tekið þátt í lýðræðislegum samskiptum. Námið á að stuðla að því að nemendur þrói með sér þekkingu og innsýn í lýðræðisleg gildi og meginreglur í samfélaginu. Í gegnum vinnu verkefna í samfélagsgreinum læra nemendur að vera gagnrýnin, tileinka sér ólík sjónarmið, takast á við misvísandi skoðanir og verða virkir þjóðfélagsþegnar.

Í samfélagsgreinum verður að leyfa nemendum að skoða tilvistarlegar spurningar og svör. Námið stuðlar að því að efla færni nemenda til að velta fyrir sér siðferðilegum spurningum og álitaefnum sem tengjast sjálfsmynd og geðheilbrigði. Nemendur verða líka að læra að taka þátt í siðferðilegri ígrundun og æfa sig í að tileinka sér mismunandi sjónarmið. Þá þarf að efla hæfni nemenda til að takast á við krefjandi spurningar og vera opin fyrir öðrum sjónarmiðum í fjölbreyttu samfélagi. Með því að taka þátt í siðferðilegri ígrundun verða nemendur færir um að leysa vandamál og vinna úr krefjandi utanaðkomandi aðstæðum.